

# LÍFEYRISSJÓÐUR VERKFRÆÐINGA

## Fréttabréf - apríl 2005

### Fundarboð

Aðalfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, föstudaginn 29. apríl 2005 kl. 17:15.

Fundarefni :

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningsskil
3. Fjárfestingarstefna
4. Lífeyrisuppgjör pr. 31.12.2004  
-skýrsla tryggingafræðings sjóðsins
5. Stjórnarlaun
6. Breytingar á samþykktum
7. Kosning tveggja manna í stjórn og eins til vara
8. Kosning endurskoðanda og tveggja skoðunarmanna
9. Önnur mál

Endurskoðaðir og undirritaðir reikningar sjóðsins ásamt skýrslu tryggingafræðings munu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins viku fyrir aðalfund, sjóðfélögum til sýnis.

Ársreikning má einnig nálgast á heimasíðu sjóðsins [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is).

Reykjavík, 14. apríl 2005

Stjórnin

**Til fróðleiks:** Dagsetning fundarins tók mið af því að einmitt þennan dag fyrir 50 árum, 29. apríl 1955, staðfesti fjármálaráðherra fyrstu samþykktir sjóðsins. Þetta er því annar tveggja "afmælisdaga" sjóðsins, en sá fyrri var 28. september 2004, þegar 50 ár voru liðin frá stofnun hans. Í tilefni af afmælinu verður boðið upp á léttar veitingar að aðalfundarstörfum loknum, eins og áður á stórafmælum sjóðsins.

### Réttinda- og iðgjaldayfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir greiðslur iðgjalda til samtryggingardeildar (lög bundið 10% framlag) á árinu 2004. Yfirlitið sýnir einnig áunnin réttindi í lok ársins 2004 og áætluð réttindi þegar kemur að töku lífeyris, miðað við að meðaliðgjöld til sjóðsins verði þau sömu og á árinu 2004. Sjóðurinn sendir út yfirlit með réttindastöðu einu sinni á ári og miðar það við áramót. Fréttabréfinu fylgir einnig yfirlit yfir greiðslur í séreignardeild á árinu 2004 fyrir þá ssem greiða til deildarinnar.

Ef villur eru í yfirlitunum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að tilkynna það til skrifstofu sjóðsins án tafar, annars eiga þeir á hættu að tapa réttindum (sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa).

### Sjóðfélaga- og launagreiðendavefur á Netinu

Yfir 500 sjóðfélagar eða um 20% af virkum sjóðfélögum hafa sótt um og fengið aðgang að iðgjalda- og réttindaupplýsingum á netinu. Með því geta þeir hvenær sem er séð stöðuna, bæði réttindi og skil á iðgjöldum. Aðrir sjóðfélagar eru hvattir til að sækja um aðgang að þessari þjónustu með rafrænum hætti á vefsíðunni.

Með sama hætti geta launagreiðendur notað vefsíðuna til að senda rafrænar skilagreinar til sjóðsins og til að skoða fyrri greiðslur til sjóðsins. Mikið hagræði getur verið að þessu fyrir launagreiðendur og þá ekki síst þá sjóðfélaga sem starfa sjálfstætt og eru því í senn launagreiðendur og sjóðfélagar.

Til að sækja um aðgang er farið inn á vefsíðu sjóðsins, [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is), og smellt á valkostinn "Sjóðfélagavefur" eða "Launagreiðendavefur". Þá birtast síður þar sem eru veittar nánari upplýsingar.

Sjóðfélaginn (eða vinnuveitandinn, þegar það á við) fær svo bréf sent (á skráð lögheimili) með notandaheiti og lykilorði.

SNÚ =>

## Tillögur um breytingar á samþykktum

Aðalfundur sjóðsins verður haldinn föstudaginn 29. apríl nk. kl. 17:15 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún. Undir dagskrárliðnum Breytingar á samþykktum verða teknar til umræðu og afgreiðslu tillögur stjórnar sjóðsins sem miða að því að:

- mæta auknum skuldbindingum vegna lengingar meðalævi landsmanna skv. tölum Hagstofunnar;
- leitast við að ná jafnvægi milli áunninna réttinda og þeirra réttinda sem ávinnast í framtíð, þannig að ekki halli á milli þeirra sem greitt hafa iðgjöld í sjóðinn hingað til og hinna sem greiða iðgjöld til sjóðsins;
- gera aðrar endurbætur á samþykktunum sem miða að því að færa framkvæmd til samræmis við það sem almennt gerist meðal lífeyrissjóða.

Í stuttu máli eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

- Áunninn réttindi verði skert um 5%.
- Greiðslutími makalífeyris verði stytur í fimm ár eftir fráfall sjóðfélaga (en makalífeyrir er greiddur áfram á meðan eftirlifandi maki er með barn á framfæri yngra en 19 ára eða er a.m.k. 50% öryrki).
- Réttindatöflur verði hækkaðar, að jafnaði um 11% yfir starfsævina.
- Framreikningur vegna örorkulífeyris verði til 65 ára aldurs.
- Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur eigi ekki rétt á töku örorkulífeyris úr sjóðnum.
- Útreikningar á réttindum við frestun eða snemmtöku ellilífeyris miðist við einn mánuð í senn.

Nánari grein er gerð fyrir tillögunum í fundargögnum sem fylgja þessu fréttabréfi.

Sjóðfélagar eru hvattir til að fjölmenna á fundinn. Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á aðalfundinum með málfrelsi, tillögurétti, atkvæðisrétti og kjörgengi.

## Ávöxtun sjóðdeilda á árinu 2004

Árið 2004 var ávöxtun sjóðsins í meðallagi góð. Fjárfestingartekjur voru jákvæðar um 1.664 milljónir króna. Mestu skiluðu innlend markaðsverðbréf, en styrking íslensku krónunnar leiddi til mjög lágrar ávöxtunar erlendra verðbréfa í krónum, þótt ávöxtun þeirra hafi verið góð í erlendum myntum. Íslensk markaðsskuldabréf gáfu einnig góða ávöxtun með lækkandi vaxtastigi, en í kjölfarið fer mjög fækkandi áhugaverðum fjárfestingarkostum á íslenskum skuldabréfamarkaði.

Nafnávöxtun íslenskra hlutabréfa í eigu sjóðsins var mjög há, 50,6%, en var þó undir viðmiðunarvísitölunni. Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa og verðbréfa sem tengd eru erlendum vísitölum var jákvæð um 1,6% í krónum (18,1% í dollurum) og var um 4,5% yfir heimsvísitölu hlutabréfa. Að auki skiluðu gjaldmiðlavarnir sjóðnum nokkrum ávinningi á móti neikvæðum áhrifum af styrkingu krónunnar. Nafnávöxtun innlendra markaðsskuldabréfa var jákvæð um 13,1%, en önnur innlend skuldabréf í eigu sjóðsins skiluðu talsvert lægri ávöxtun í heildina, en þar eru meðtalin sjóðfélagalán sem báru 7,5% nafnávöxtun (3,5% raunávöxtun).

Nafnávöxtun samtryggingardeildar (fyrir rekstrarkostnað) var 10,63% á árinu 2004, raunávöxtun var 6,47% og hrein raunávöxtun 6,25%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár er -1,86% og síðustu 10 ár 4,04%.

Nafnávöxtun séreignardeildarinnar var 11,50%, raunávöxtun var 7,29% og hrein raunávöxtun 7,03%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár er 4,08%.

Séreignardeildin hefur um nokkurra ára skeið einungis fjárfest í íslenskum skuldabréfum og hlutdeildarskírteinum í íslenskum skuldabréfasjóðum. Ávöxtun deildarinnar hefur því verið ágæt undanfarin ár og sveiflast lítið.

20. apríl 2004

Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri ([stefan@lifsverk.is](mailto:stefan@lifsverk.is))